

# Skýrsla Stjórnar DSÍ á Dansþingi 2024.

## Formáli

Þetta er 23. skýrsla stjórnar DSÍ sem lögð er fram á Dansþingi.

Á Íþróttþingi 1997 var samþykkt skipun Dansnefndar ÍSÍ í fyrsta sinn og síðan skipaði framkvæmdastjórn ÍSÍ dansnefnd ÍSÍ þann 7. október 1999 sem hafði umboð fram á vor 2000. Á Íþróttþingi sem haldið var á Akureyri 24.-26. mars 2000 var samþykkt stofnun Dansíþróttasambands Íslands og stofnþing DSÍ var haldið í Reykjavík 18. maí 2000. Dansþing var haldið í fyrsta sinn 18. maí 2002 og framhaldsþing þess 14. apríl 2003. Dansþing var síðan haldið 20. maí 2003 og hefur það verið haldið á hverju ári í maí eftir það.

## Skipan stjórnar

Stjórn DSÍ fyrir starfsárið 2023-2024 var kjörin á dansþingi 18. maí 2023. Helga Björg Gísladóttir var kjörin formaður til eins árs. Atli Már Sigurðsson og Ólafur Már Hreinsson voru kosnir til tveggja ára (2023-2025). Kara Arngrímsdóttir er að ljúka sínu tveggja ára tímabili (2022-2024) og Svava H. Friðgeirsdóttir er að ljúka sínu tímabili (2023-2024). Í varastjórn voru kosnir Þórunn Anna Ólafsdóttir og Árni Sigurgeirsson til eins árs.

Á þessu þingi þarf því að kjósa formann, tvo fulltrúa í aðalstjórnstjórn til tveggja ára og tvo varamenn.

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt: Ólafur Már Hreinsson meðstjórnandi, Kara Arngrímsdóttir gjaldkeri, Atli Már Sigurðsson varaformaður og Svava H. Friðgeirsdóttir ritari. Þórunn Anna Ólafsdóttir og Árni Sigurgeirsson varamenn.

Stjórn gerði áframhaldandi ráðningarsamning við Bergrúnu Stefánsdóttur og hefur hún sinnt 50 % stöðu framkvæmdarstjóra DSÍ frá árinu 2019.

Frá 18. maí 2023 til 23. maí 2024 hélt stjórn DSÍ 9. stjórnarfundi.

## **Starfssvið stjórnar og starfstilhögun**

Starfssvið stjórnar samkvæmt 14. grein laga DSÍ er eftirfarandi:

Að framkvæma ákvarðanir og ályktanir dansþings.

Að sjá til þess að lögum og reglum DSÍ sé framfylgt.

Að sjá um að samin séu lög, móta- og keppendareglur og aðrar reglugerðir fyrir samkvæmisdansíþróttina.

Að setja nauðsynlegar reglur um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglum sem og setningu nýrra.

Að annast útgáfu á lögum og reglugerðum fyrir dansíþróttina sem eru í samræmi við alþjóðareglur.

Að annast rekstur sambandsins og bera ábyrgð á fjármálum þess.

Að ráða framvæmdarstjóra til starfa í samræmi við starfslýsingu.

Að senda framvæmdarstjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.

Að skipa nefndir sbr. grein 16, setja þeim reglugerðir og hafa eftirlit með störfum þeirra.

Að vinna að eflingu samkvæmisdansíþróttarinnar á Íslandi.

Að koma fram erlendis fyrir hönd samkvæmisdans-íþróttarinnar.

Að tefla fram landsliði og keppendum á alþjóðamótum.

Að taka ákvarðanir um keppnisrétt á Heims- og Evrópumeistaramótum sem haldin eru á vegum WDSF.

Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.

Að gera tillögur til dansþings um kosningu heiðursfélaga DSÍ.

Nýjar reglur og breytingar á gildandi reglum skulu kynntar aðildarfélögum og aðildarsamböndum með rafrænu dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar DSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænu dreifibréfi.

Óski aðildarfélög eða aðildarsambönd eftir setningu nýrra reglna eða breytinga á gildandi reglum skal slíkum óskum beint til stjórnar DSÍ.

Stjórn DSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum DSÍ skulu fara eftir lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma.

Formaður er opinber fulltrúi DSÍ í almennum starfsháttum, sinnir erlendum samskiptum, hefur eftirlit með störfum stjórnarmanna og skipar ásamt stjórn í nefndir. Formaður stýrir einnig stjórnarfundum.

Gjaldkeri, hefur séð um að greiða reikninga og halda utan um fjármál sambandsins. Bergrún Stefánsdóttir og Marlena Anna Frydrysiak hafa fært bókhald sambandsins.

Formaður DSÍ hefur lagt fram erindi sem hafa borist stórn á stjórnarfundum og svarað eftir bestu getu afgreiðslu stjórnar.

### **Starfsnefndir DSÍ 2023-2024**

Samkvæmt lögum DSÍ getur stjórn skipað í eftirfarandi nefndir: Siðanefnd, fjáröflunarnefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd, útbreiðslunefnd, uppstillingarnefnd og laganefnd.

Mótanefnd: Stjórn DSÍ óskaði eftir tillögum frá aðildarfélögum og skipaði eftirtalda í mótanefnd: Auði Haraldsdóttur formaður, Kjartan Birgisson.

Mótanefnd starfaði eftir móta- og keppendareglum DSÍ en hlutverk hennar er umsjón og framkvæmd Íslands- og bikarmeistaramóta í samkvæmisdönsum í umboði stjórnar DSÍ

Útbreiðslu og Fjáröflunarnefnd: Stjórn DSÍ skipaði að þessu sinni ekki í útbreiðslu og fjáröflunarnefnd.

Landsliðsnefnd: Stjórn DSÍ óskaði eftir tillögum frá aðildarfélögum um tilnefningar í landsliðsnefnd. Eftirtalin gáfu kost á sér í nefndina. Davíð Stefánsson formaður, Helga Karlsdóttir, Arnar Már Eggertsson og Hreggviður Símonarson. Framkvæmdastjóri var þeim til aðstoðar.

Laganefnd: Stjórn DSÍ óskaði eftir tillögum frá aðildarfélögum og skipaði eftirfarandi í laganefnd: Svövu H. Friðgeirsdóttur og Atla Má Sigurðsson.

Uppstillingarnefnd: Stjórn DSÍ skipaði eftirfarandi í uppstillingarnefnd: Ellen Dröfn Björnsdóttur formaður, Auður Haraldsdóttir og Svandís Erla Margrét Sveinsdóttir.

### **Landslið DSÍ**

Stjórn skipaði þau Davíð Stefánsson formann, Helgu Karlsdóttir, Arnar Má Eggertsson og Hreggvið Símonarson í landsliðsnefnd.

Landsliðsnefnd hefur nýtt dómara eftir danskeppnir fyrir landsliðið og unga og efnilega. Hefur okkur fundist það mælast vel fyrir.

Einnig hefur landsliðsnefnd reynt að skipuleggja fræðslu og fyrirlestra hjá, sálfræðingi, næringarfræðingi, íþróttufræðingi og fleiri fagaðilum.

Á sl. ári nýttu þör keppnisrétt sinn til að fara á HM og EM WDSF. Breyttar forsendur styrkja frá afrekssjóði ÍSÍ þar sem styrkir eru árangurstengdir breyta landslagi sambandsins töluvert og verður áhugavert að sjá hvert framhaldið verður.

Rekstur Dansíþróttasambands Íslands

Hagnaður ársins 2023 er 1.233.890kr. Stjórn DSÍ er ábyrg fyrir fjárhagslegum rekstri DSÍ. Gjaldkeri greiðir reikninga, framkvæmdastjóri og Marlena Frydrysiak færa bókhald og sjá um uppsetningu ársreiknings. Ársreikningur 2023 er færður samkvæmt bókhaldslyklum ÍSÍ og er sambærilegur fyrri ársreikningum.

### **Special Olympics**

Árið 2019 var stjörnuflokkur settur inn í móta og keppendareglur og þannig opnaður vettvangur fyrir fólk með fötlun að keppa á jafningjagrundvelli á dansmótum DSÍ.

### **Danspar ársins**

Dansíþróttasamband Íslands leitaði til aðildarfélaganna með tilnefningar til titilsins „Dansíþróttapar ársins 2023“. Stjórn valdi Söru Rós Jakobsdóttur og Nicolo Barbizi sem danspar ársins en þeirra besti árangur 2023 var 8. sæti á HM 10 x dansa sem að haldið var 11. nóvember í Portúgal.

### **Heimasíða**

Fréttir og upplýsingar um mót og sambandið kemur inn á heimasíðu sambandsins sem og á facebook og instagramsíðu sambandsins. Instagram reikningur sambandsins hefur verið notaður til að sýna frá mótum sem og æfingum hjá landsliðinu ásamt því að deila áfram þeim myndum og upptökum sem iðkendur og aðstandendur þeirra merkja DSÍ í á Instagram story og er það góður vettvangur fyrir alla í hreyfingunni að leyfa áhugasömum að fylgjast með dansinum. Í fyrra elti sambandið alla og varð það til þess að nú geta allir merkt sambandið sem er viðbót við það sem áður var þegar merkingarnar bárust ekki til sambandsins.

### **Reglur DSÍ**

Afreksstefna til 5 ára var lögð fyrir dansþing DSÍ 2023 og samþykkt þar.

### **Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs**

Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs. Formaður og framkvæmdastjóri unnu að úrlausnum þriggja mála með aðstoð samskiptastjóra á starfsári þessarar stjórnar.

### **Erlend samskipti**

Aðalfundur WDSF (AGM) var haldinn 11. júní 2023 í Madrid á Spáni. Danmörk var falið að fara með atkvæði okkar á fundinum.

#### **Norrænt samstarf**

Stjórn DSÍ er í samstarfi við erlend dansíþróttasambönd NEC landa. Haldinn var aðalfundur NEC þann 24. nóvember í Tallinn Eistlandi samhliða NEC mótinu sem að haldið var dagana 24. – 26. nóvember. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fundinn fyrir hönd DSÍ. Þar var ákveðið að Ísland myndi halda næsta Norður-evrópumeistaramót. Staðan er hinsvegar sú vegna lækkandi styrkja ásamt vandræðum sambandsins með að fá aðgang að húsnæði sem hentar fyrir slíkt mót að stjórn varð að taka þá ákvörðun á stjórnarfundum 6. mars síðastliðin að biðjast undan því að halda mótið á Íslandi við lítinn fögnuð samstarfssambanda og íslenskra iðkenda.

### **Þátttaka á þingum, fundum og námsskeiðum**

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fundi hjá ÍSÍ s.s. formannafund og þing ÍSÍ. Einnig hefur formaður og stjórn marga samstarfsfundi á vegum ÍSÍ s.s. stefnumótunarfundi og fundi með starfsmönnum afrekssjóðs. Framkvæmdastjóri sótt fjölmarga fundi með ÍBR vegna RIG 2023. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu íþróttþing ÍSÍ og var framkvæmdastjóri í kjörbréfanefnd á þinginu.

### **Þakkir**

Stjórn DSÍ þakkar starfsfólki nefnda og öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfi DSÍ þetta árið fyrir mjög vel unnin störf. Sjálfboðaliðar er mikilvægur hlekkur í íþróttahreyfingunni. Einnig þakkar stjórn DSÍ aðildarfélögum DSÍ fyrir gott samstarf á árinu.

Stjórn DSÍ þakkar forystu ÍSÍ og starfsfólki þess fyrir alla þá aðstoð, stuðning og velvilja sem þau hafa sýnt okkur í gegnum tíðina.

Stjórn DSÍ þakkar stjórnvöldum fyrir fjárstuðning til reksturs sambandsins og framlög til afrekssjóðs ÍSÍ.

Stjórn DSÍ þakkar þeim íþróttabandalögum og bæjarfélögum sem hafa hýst íþróttaviðburði sem að hafa verið á vegum DSÍ. Einnig þakkar stjórn DSÍ þeim aðilum sem að hafa að öðru leyti komið að stuðningi við DSÍ.

## **Lokaorð**

Ísland er svo heppið að eiga nokkra dansara í fremstu röð í heiminum.

Okkar hlutverk er að reyna að hlúa að þeim. hvetja þá og styðja til að ná markmiðum sínum. Það er gert m.a. með landsliðsstarfi og styrkjum úr afrekssjóði ÍSÍ. Sjóðurinn setur okkur leikreglur sem að mjög mikilvægt er að við förum eftir.

Dansinn er í mikilli samkeppni við aðrar íþróttagreinar sem að eru látlaust sýndar í sjónvarpi. Við verðum því að treysta á öflugt markaðsstarf dansfélaganna og danskennaranna sem að þar starfa. Því vil ég að endingu þakka iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir að hafa valið samkvæmisdansaiþróttina og danskennurunum og þjálfurum fyrir að hafa tekið vel á móti þeim.

Reykjavík 23, maí 2024.

Helga Björg Gísladóttir,  
formaður DSÍ.

